



LANDSPÍTALI



LANDSPÍTALI Í VÖRN OG SÓKN
ÁRSSKÝRSLA 2017



Ávarp forstjóra

Landspítali í sókn og vörn er yfirskrift ársfundarins að þessu sinni. Sú yfirskrift á að líkindum alltaf við starfið á Landspítala, þar sem við sækjum stöðugt fram í vísindalegri þekkingaröflun, uppbyggingu, umbótum og þjónustu á sama tíma og við verjumst ógnunum og áskorunum sem blasa við heilbrigðisþjónustunni á Íslandi eins og um allan heim. Þessa sjást augljós merki í ársfundaritunni sem hér birtist.

» *Hér er staðan aldrei annað hvort hvít eða svört - hún er fjölbreytileg, marglit, köflótt! Margt hefur byggst upp á árinu og horfir til betri vegar. Landspítali hefur aldrei verið öflugri, hvort heldur horft er til afkasta, tækjabúnaðar eða mannafla.*

Af sóknarhelmingi ársins má segja að það hafi einkenst af síaukinni eftirspurn eftir þjónustu spítalans eins og glögg má sjá í þessu riti; komum á bráðamóttökur og dag- og göngudeildir fjölgar, við gerum fleiri skurðaðgerðir, veitum fleiri sérhæfðar meðferðir og gerum fleiri rannsóknir. Á sama tíma fækka legudögum sem sýnir m.a. hvernig við leitum stöðugt leiða til að bæta þjónustu og breyta ferlum svo fleiri sjúklingar fái bestu mögulega þjónustu. Eitt besta dæmið um slíkt er án efa opnun bráðalyf-lækningadeildarinnar á A2 sem hefur verulega bætt flæði og þar með öryggi sjúklunga.

Á árinu 2017 unnust einnig ýmsir sigrar, stórir og smáir. Ötullega var unnið að uppbyggingu Landspítala við Hringbraut og það var sérstaklega ánægjulegt að sjá uppbyggingu í tækjakosti með nýjum línuhraðli og segulómtæki, samhliða undirbúningi fyrir komu jáeindaskanna. Eins erum við afskaplega stolt af viðurkenningu í sérnámi fyrir ýmsar sérgreinar í læknisfræði og það lyftist aldeilis á okkur brúnn þegar spítalinn var tilnefndur til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs. Fleira mætti auðvitað telja en allt á þetta það sameiginlegt að svara áköfu kalli nútímans á sama tíma og við þurfum á öllu þessu að halda til framtíðar.

Hvað vörnina varðar þá verður ekki hjá því komist að viðurkenna þann þunga sem aukin eftirspurn eftir þjónustu spítalans leggur á starfsfólkið. Annars vegar er þar um að ræða náttúrulega aukningu vegna öldrunar þjóðarinnar og aukinnar sjúkdómabyrði, samhliða miklum fjölda erlendra ferðamanna og fólks sem hingað leitar vegna atvinnumöguleika. Hins vegar er mesta áskorunin án efa sú sem snýr að skorti á starfsfólki í heilbrigðisgreinum, einkum í hjúkrun. Hér er mikið verk óunnið og er sameiginlegt verkefni heilbrigðis- og menntamálayfirvalda og heilbrigðis- og menntastofnana. Hér má engan tíma missa og grípa verður til aðgerða strax.

Rekstur stórsjúkrahúss er flókin og það skiptast á skin og skúrir, gjarnan sama daginn. Við sjáum stórkostlegar framfarir hjá einum sjúklingi meðan öðrum hrakar á sama tíma. Við sjáum frábær framfaraskref í einu efni á meðan við berjumst í bökkum á öðrum vígstöðvum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar rætt er um Landspítala. Hér er staðan aldrei annað hvort hvít eða svört - hún er fjölbreytileg, marglit, köflótt! Margt hefur byggst upp á árinu og horfir til betri vegar. Landspítali hefur aldrei verið öflugri, hvort heldur horft er til afkasta, tækjabúnaðar eða mannafla.

Sókn er besta vörnin.

Páll Matthíasson forstjóri

STARFSÁÆTLUN 2018

LYKILÁHERSLUR

ÖRYGGISMENNING

- Öryggis- og umbótaþjálfun starfsfólks
- Stöðluð upplýsingagjöf og örugg yfirfærsla ábyrgðar
- Fyrirbyggja helstu flokka atvika; sýkingar, byltur, lyfjaatvik og þrýstingssár



ÞJÓNUSTA

- Bæta aðgengi að þjónustu og stytta biðtíma
- Efla dag- og göngudeildir
- Auka þátttöku sjúklunga í eigin meðferð
- Skriflegar útskriftarleiðbeiningar til sjúklings



MANNAUÐUR

- Bæta mönnum og vinnuskipulag
- Bæta aðbúnað og þjónustu við starfsfólk
- Efla teymisvinnu og innleiða samskiptasáttmála



STÖÐUGAR UMBÆTUR

- Próa og innleiða meðferðarferla
- Innleiða reglulega umbótafundir
- Efla vísindi og auka samstarf við háskóla



ÁRANGURSVÍSAR

Staðan 2017

Markmið 2018

ÖRYGGISMENNING

- | | | |
|---|------|------|
| • Hlutfall klínísks starfsfólks sem lokið hefur öryggisþjálfun (Basic Patient Safety) | 20% | 60% |
| • Hlutfall eininga með virka notkun SBAR | 39% | 70% |
| • Fjöldi alvarlegra atvika | 14 | 0 |
| • Spítalasýkingar | 5,8% | 5,8% |

ÞJÓNUSTA

- | | | |
|---|-----|-----|
| • Hlutfall sjúklunga sem beðið hafa meira en 3 mánuði eftir meðferð | 43% | 40% |
| • Meðallegutími, dagar | 7,7 | 7,0 |
| • Ánægja sjúklunga með þjónustu spítalans (á skala 1-10) | 8,3 | 8,5 |
| • Hlutfall sjúklunga sem fá skriflegar útskriftarleiðbeiningar | 62% | 80% |

MANNAUÐUR


- | | | |
|---|------|-----|
| • Starfsánægja (á skala 1-5) | 4,1 | 4,2 |
| • Veikindahlutfall | 6,7% | 6% |
| • Starfsmannavelta | 15% | 12% |
| • Hlutfall starfsmanna í 80% starfi eða meira | 70% | 72% |

STÖÐUGAR UMBÆTUR


- | | | |
|---|-----|-----|
| • Fjöldi innleiddra heildstæðra meðferðarferla | 0 | 10 |
| • Hlutfall stjórnmenda með reglulega umbótafundir | 44% | 60% |
| • Fjöldi birtra greina í ritryndum tímaritum | 200 | 205 |

STARFSEMISTÖLUR 2017


Komur á bráðamóttökur




Meðallegutími sjúklings (dagar)




Skurðaðgerðir




Fjöldi sjúklings í bið eftir vistun utan LSH




Stöðugildi og starfsmannafjöldi




Fjöldi nemenda á LSH



Rekstrarkostnaður



Starfsánægja starfsmanna skv. könnun



LANDSPÍTALI Í VÖRN OG SÓKN



Meðferðarkjarninn í sjónmáli

Stærstur hluti tæplega 75 milljarða króna sem ætlaður er til fjárfestingar í sjúkrahúsþjónustu á landinu á næstu árum, samkvæmt fjármálaáætlun stjórnvalda 2019 til 2023, fer til uppbyggingar Landspítala við Hringbraut. Að jarðvegsvinnu lokinni hefjast sjálfar byggingarframkvæmdirnar við meðferðarkjarnann og verður meginþungi þeirra á árunum 2020 til 2023. Þess er vænst að starfsemi í nýjum meðferðarkjarna hefjist árið 2024. Hann er stærsta byggingin í Hringbrautarverkefninu, 66 þúsund fermetrar, og tengist öðrum starfseiningum með göngum og brúm. Aðrar nýjar byggingar Landspítala eru sjúkrahótel, rannsóknarhús og bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús.

Jarðvegsframkvæmdir

Nýr Landspítali ohf. auglýsti í apríl 2018 útboð vegna framkvæmda við Hringbraut, í samstarfi við Ríkiskaup og Framkvæmdasýslu ríkisins. Um er að ræða framkvæmdir vegna jarðvinnu fyrir meðferðarkjarnann, götur, göngustiga, bílastæði og annan lóðafrágang, ásamt fyrirhuguðum bílakjallara. Spítal-hópurinn annast hönnun gatna, veitna og lóða.

Leitast er við að flæði fólks og flutninga verði sem best á Hringbrautarlóðinni með vel skipulögðu gatna-, hjóla- og göngustígakerfi. Bílastæði fyrir sjúklinga verða sem næst inngöngum bygginga og biðstöðvar fyrir almenningssamgöngur staðsettar þannig að þægilegt sé fyrir sjúklinga, starfsfólk og aðstandendur að nýta þær. Vöru- og sýnaflutningar innan og milli bygginga fara að mestu fram með rörpóstkerfi, sjálfvirkum flutningavögnum og tölvustýrðu sorp- og línflutningskerfi.

Í meðferðarkjarnanum

Þungamiðjan í starfsemi Landspítala verður í meðferðarkjarnanum. Byggingin verður sex hæðir auk tveggja kjallarahæða. Á þessum átta hæðum verða meðal annars átta 24 rúma legudeildir, bráðamóttaka, skurðstofur, myndgreining, hjarta- og æðlaþræðingarstofur, gjörgæsla, vöknun, undirbúningsherbergi skurðaðgerða, apótek og dauðhreinun. Aðstaða stoðeilda verður einnig hin ágætasta og vel fyrir því séð að flutningur á vörum verði sem greiðastur. Í neðri kjallargangi verður til dæmis kerfi til vöruflutninga og fjórða hæðin er að stærstum hluta fyrir tæknibúnað. Á efri kjallarahæðinni verður meðal annars rúmaþvottastöð og hjálpartækjalager. Alls verða 24 gjörgæslurými í meðferðarkjarnanum og 16 skurðstofur. Á smit-sjúkdómadeild verða 17 rúm og fullkomin aðstaða til einangrunar.

Corpus-hópurinn hannar meðferðarkjarnann og hefur notið stuðnings fjölmargra erlendra sérfræðinga með mikla reynslu í sambærilegum verkefnum. Starfsmenn spítalans hafa mikið lagt til lokahönnunarinnar.

Sjúklingurinn í öndvegi

Í allri vinnu við undirbúning og hönnun meðferðarkjarnans við Hringbraut hefur sjúklingurinn verið í öndvegi, um leið og þess er gætt að aðstaða fyrir aðstandendur og starfsfólk verði eins og best verður á kosið. Allar sjúkrahússtofur verða einbýli með snyrtingu og góðri aðstöðu fyrir aðstandendur. Á legudeildum verða innri ljósgarðar. Leitast er við að hafa gönguleiðir sem stytar. Hægt verður að anda að sér fersku lofti í stórum þakgarði. Á annarri hæð verður móttaka, veitingatorg, kaffihús og kyrrðarými.

Háskólasjúkrahús

Á hverju ári sækja um 1.800 nemendur í heilbrigðisvísindum nám og starfsþjálfun á Landspítala og margir starfsmenn spítalans eru jafnframt starfsmenn Háskóla Íslands. Nálægð Landspítala við háskóla og vísindasetur er því afar mikilvæg. Í hönnun og öllu skipulagi nýrra bygginga við Hringbraut er tekið tillit til samspils klínískrar starfsemi, rannsókna og kennslu. Eitt húsanna sem rís við Hringbraut verður aðsetur heilbrigðisvísindadeilda sem Háskóli Íslands mun byggja við Læknagarð.



ÁR Á LANDSPÍTALA



332.808
komur á dag-
og göngudeildir



224.687
legudagar sjúklinga
á spítalanum



2.433.997
rannsóknir á
rannsóknarsviði



3.035
börn fæðast



109.905
einstaklingar leita
til Landspítala



16.447
skurðaðgerðir



1.716
nýr blóðgjafar



Rannsóknarhús

Umfangsmikil og dreifð þjónusta rannsóknardeilda á Landspítala sameinast í rannsóknarhúsinu sem verið er að fullnaðarhanna. Hún er nú í sextán húsum hér og þar í borginni með því óhagræði sem fylgir. Stór hluti þessarar starfsemi býr nú við ófullnægjandi húsakost. Rannsóknarstofurnar sinna klínískum greiningar-rannsóknnum, svo sem blóðrannsóknnum, og ýmsum sérhæfðum rannsóknnum fyrir spítalann, aðrar heilbrigðisstofnanir og læknastofur. Auk þess annast þær ýmsar rannsóknir á sviði lýðheilsu, smitvarna og blóðgjafafræði. Í nýja rannsóknarhúsinu verða meinafræði, rannsóknarkjarni, klínísk lífefnafræði og blóðmeinafræði, frumuræktunarkjarni, frumumeðhöndlun, erfða- og sameinda-læknisfræði, ónæmisfræði, rannsóknarstofa í gigtsjúkdómum og sýkla- og veiru-fræði. Blóðbankinn verður einnig þar.

Ofan á rannsóknarhúsinu verður 22 fermetra þylpallur sem tengist bráðamóttöku og fleiri deildum í meðferðarkjarna með brú.

Bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús

Í 21 þúsund fermetra bílastæða-, tækni- og skrifstofuhúsi verður nými fyrir 550 bíla, tækniúnað fyrir varaafvléar Landspítala og kælikerfi. Í því verða einnig skrifstofur. Fimm hæðir verða ofanjarðar og þrjár neðanjarðar.

Samstarfsráð

Heilbrigðisráðherra hefur skipað samstarfsráð til að styrkja samvinnu um uppbyggingu Landspítala við Hringbraut og efla samráð og miðlun upplýsinga þannig að áætlanagerð, framkvæmdir og forgangsröðun taki sem best mið af áherslum þeirra sem tengjast verkefninu. Samstarfsráðinu er ætlað að vera heilbrigðisráðherra til samráðs og ráðgjafar meðan á uppbyggingunni stendur, meðal annars í tengslum við stórar ákvarðanir um nýframkvæmdirnar sjálfar, ráðstöfun og nýtingu bygginga sem fyrir eru, starfsemina meðan á framkvæmdum stendur og flutning eftir því sem framkvæmdum vindur fram.

Samstarfsráðið:

Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins, formaður

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins

Erling Ásgeirsson, formaður stjórnar Nýs Landspítala ohf

Starfsmaður samstarfsráðsins:

Dagný Brynjólfssdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu



8.498

bráðveikir sjúklingar koma á Hjartagátt



32.088

komur á göngudeildir og bráðamóttöku geðsviðs



73.665

komur á bráðadeild í Fossvogi



149.967

meðferðir veittar af sjúkrahjálfurum og iðjubjálfum



1.937

hjartabræðingar



12

sjúklingar á gjörgæslu á dag


Mikil fjölgun eldri sjúklinga er áskorun

Íbúum á Íslandi fjölgaði um 9,6% á síðustu 10 árum eða um rúmlega 30 þúsund manns sem er aðeins meira en samanlagður fjöldi íbúa í Mosfellsbæ, Garðabæ og á Seltjarnarnesi árið 2017. Samkvæmt spá Hagstofu Íslands er sambærileg fjölgun framundan næstu fimm árin, þ.e. landsmönnum fjölgar tvöfalt hraðar næstu fimm ár en síðustu 10 ár. Við þessu þarf að bregðast.

Fjölgunin á næstu árum verður hlutfallslega mest í elstu aldurshópunum (80 ára og eldri). Þekkt er að kostnaður við heilbrigðisþjónustu þeirra sem eru yfir 67 ára er allt að fimmfaldur á við kostnað í yngri aldurshópunum. Þar hefur m.a. áhrif tíðni langvinnra sjúkdóma.

Þeir hópar sem hafa aftur á móti mest áhrif á eftirspurn eftir þjónustu Landspítala eru á milli 50 og 80 ára. Þótt hlutfallsleg fjölgun í þeim aldurshópum sé ekki jafn mikil eru þeir miklum mun fjölmennari en elstu hóparnir. Athygli vekur að á einu ári, frá 2018 til 2019, fjölgar um 6-7 prósentustig í hópunum 60-69 ára og 70-79 ára. Þarna eru einmitt þeir einstaklingar sem þurfa á mestri sjúkráhusþjónustu að halda.

Þessu til viðbótar er mikil og ófyrirséð fjölgun ferðamanna auk aðfluttra einstaklinga. Fjölgun í þeim hópi verður á næstu árum hlutfallslega mun meiri en meðal íbúa landsins.



Mannfjöldaþróun á Íslandi.

Heimild: hagstofa.is.

Viðmið: 1. janúar ár hvert. Fyrir ár sem ekki eru liðin er miðað við mannfjöldaspá Hagstofunnar, miðspá.



Sjúkrahótelíð í notkun

Stefnt er að því að starfsemi nýja sjúkrahótelins við Hringbraut hefjist í lok árs 2018. Húsið er rísið við Barónsstíg þar sem það tengist kvennadeildahúsi bæði ofan jarðar og neðan og þar með öðrum starfseiningum Landspítala. Töluverðar tafir hafa orðið á framkvæmdum enda átti að opna hótelíð í mars 2017. Í maí 2018 er unnið að útboðslýsingu vegna reksturs hótelsins.

Húsnæðismál fólks utan af landi sem þarf að sækja þjónustu Landspítala stórbatna með sjúkrahótelinu. Staðsetning þess í kjarnastarfseminni við Hringbraut er ákaflega góð fyrir þá sjúklinga sem þar eiga eftir að dvelja og aðstandendur þeirra. Húsið er 4.300 fermetrar á fjórum hæðum, alls 75 herbergi; einstaklingsherbergi, fjölskylduherbergi og herbergi fyrir fatlaða. Á jarðhæðinni verður veitingastaður og á þakhæðinni sólstofa með miklu útsýni.



13.442
komur á
bráðamóttöku barna



5.310
starfsmenn í vinnu



1.767
nemendur
á spítalanum



1.680
tonn af úrgangi
falla til



4.250
heimili nota jafn
mikið rafmagn



500.000
símtöl koma
inn á símvör



3.700
tölvur spítalans nota
yfir 100 klínísk tölvukerfi

Bráðalyflækningadeild



Bráðalyflækningadeild sem opnuð var 1. júní á Landspítala Fossvogi í breyttri mynd hefur sannað ágæti sitt. Þar er legurymi fyrir 21 sjúkling. Meginviðfangsefni deildarinnar eru greining, meðferð og hjúkrun sjúklinga með bráð lyflækniþæðileg vandamál sem þarfnast stuttrar sjúkráhuslegru. Þetta er 48 klukkustunda deild og miðað við að sjúklingar útskrifast heim eða leggjast inn á aðrar deildir spítalans innan þess tímaramma. Nær allir sjúklingar sem leggjast inn á bráðalyflækningadeildina koma frá bráðadeild spítalans. Opnun deildarinnar var liður í því að bæta flæði á Landspítala og bregðast við gangainnlögnum. Með starfsemi hennar er betur tryggt að sjúklingar fái rétta meðferð á réttum tíma, á réttum stað og hjá réttum aðila.

Lækningatæki



Ný og öflug lækningatæki stuðla að framförum í lækningum og meðferð. Gömlum línuhraðli var skipt út fyrir nýjan en slík tæki eru mikilvæg í geislalækningum krabbameina. Línuhraðall, sem er með dýrustu tækjum á spítalanum, kostar um 500 milljónir króna. Nýtt segulómteki, tæknilega mjög fullkomið, gefur möguleika á rannsóknaraðferðum sem ekki hefur verið hægt að stunda með eldri tækjum og er mest notað í rannsóknum á sjúkdómum í heila- og tauga-kerfi. Nýr steinbrjótur er kominn í notkun. Nákvæmni í meðferð hefur aukist mikið síðan fyrsta steinbrots- tækið var tekið í notkun á Íslandi árið 1993. Skurð- aðgerðir við nýrna- og þvagleiðarasteinum eru orðnar fágætar þar sem flestir steinar eru fjarlægðir með steinbrotsmeðferð eða speglunartækni.

Sérnam



Formlega viðurkennt sérnam í lækniþæði er í vaxandi mæli að verða til á spítalanum, samkvæmt reglugerð um framhaldsnám lækna. Landspítali fékk viðurkenningu á fullu sérnámi í geðlækningum og upphafsnámi til tveggja ára í bæklunarlækningum. Upphafsnám til tveggja ára í lyflækniþæði í samvinnu við Royal College of Physicians í Bretlandi var viðurkennt 2016. Unnið er að viðurkenningu í mörgum fleiri sérgreinum og fögum. Stofnað hefur verið framhalds- menntunarráð lækninga á Landspítala. Í því eru kennslustjórar sérgreina og er þeim ætlað að tryggja að framhaldsnám ungra lækna verði sem best. Samþætt kjarnanám í bráðagreinum lækninga er ný sérnámsleið á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri sem tólf læknar stunda nú. Námið tekur þrjú ár, er þvert á svið og verja námslæknar tíma í bráðalækningum, lyflækningum og svæfinga- og gjörgæslulækningum.

Sængurveralaust



Sængur í flestum rúmum sjúklinga á Landspítala eru nú án sængurvera, eins og títt er um á sjúkráhusum í nágrannalöndum. Smám saman eiga sængurverin alveg að hverfa. Sængurveralausar sængur þykja auka öryggi, spara tíma og vera auðveldari í meðförum hjá starfsmönnum. Rannsóknir sýna líka að í óhreinum rúmfatnaði finnst fjöldi baktería og því er æskilegt vegna sýkingavarna að búa sjúkrarúmin sængurveralausum sængum.

Gjörgæslukerfi



Hugbúnaður frá danska fyrirtækinu Daintel fyrir gjörgæslu, svæfingu og vökudeild safnar gögnum úr ýmsum tækjum tengdum sjúklingum og hefur gjörbylt allri skráningu á viðkomandi deildum. Kerfið tengist nánast öllum lækningatækjum sem notuð eru á þessum deildum og safnar upplýsingum úr þeim sjálfkrafa. Keyptur var mjög öflugur vélbúnaður sem er nauðsynlegur fyrir kerfi sem safnar svo miklu af gögnum. Vinnustöð er við hvert sjúkrarúm sem birtir allar upplýsingar um viðkomandi sjúkling.

Viðurkenningar



Sandra Mjöll Jónsdóttir sem vinnur að doktors- verkefni sínu í Blóðbankanum hlaut verðlaun mennta- og menningarmálaráðuneytisins til ungs og efnilegs vísindamanns á árlegri ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum. Ingileif Jónsdóttir fékk heiðurs- verðlaun Vísindasjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright fyrir framúrskarandi árangur í vísindum. Ingileif starfar á ónæmisfræðideild Landspítala og er prófessor í ónæmisfræði í Háskóla Íslands.

Heiðranir



Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir ónæmisfræðideilda og prófessor í ónæmisfræði, var valinn heiðursvísindamaður Landspítala 2017. Rannsóknir hans og vísindastörf hafa einkum snúist um meðfædda ónæmisgalla, sjálfsonæmissjúkdóma og þróun stoðtækja fyrir greiningu, eftirlit og meðferð gigta- og ónæmis- sjúkdóma. Berglind Hálfðánsdóttir var útnefnd ungr vísindamaður Landspítala 2017. Hún er ljósmóðir og skoðaði í doktorsrannsókn sinni sjálfræði kvenna um val á fæðingarstað, þar saman útkomu fyrirfram ákveðinna heimafæðinga og sjúkráhusfæðinga á Íslandi og mat áhrif frábendinga og viðhorfa kvenna á útkomu fæðinga.

Tímamót



Fimmtíu ár eru liðin frá stofnun Borgarspítalans sem nú er Landspítali. Fyrsti sjúklingurinn var lagður inn 28. desember 1967. Á árinu 2017 var þess einnig minnst að meinafræðideildin er 100 ára. Starfsemin hófst árið 1917 og var lengi tengd Háskóla Íslands. Rannsóknarstofa Háskólans í meinafræði hélt nafninu til 2004 en er nú meinafræðideild Landspítala. Þar fer fram greining frumusýna og vefjasýna sem send eru til rannsóknar, svo og krufningar. Barnspítali Hringisins er 60 ára en 19. júní 1957 var opnuð fyrsta sérstaka barnadeildin á Landspítala. Kvenfélagið Hringurinn hefur frá upphafi verið bakhjarl þjónustu Landspítala við börn. Tímamót- anna var minnst 19. júní og voru forsetahjónin, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid, meðal gesta.

Verklagsbreytingar



Fótamein eru meðal alvarlegustu og flóknustu lang- vinnra fylgikvilla sykursýki. Á göngudeild sykursýki hefur verið þróuð og innleidd formföst skimun þar sem fólk með sykursýki fær reglubundna skoðun á fótum. Við það verður til áhættumat sem unnið er út frá. Jafnframt hefur verið sett á fót þverfagleg göngudeild á sáramiðstöðinni og gefið út ítarlegt fræðsluefni um fótasár og sykursýki sem hægt er að sækja á www.landspitali.is. Tekið var upp nýtt verklag við móttöku og meðferð sjúklinga með brátt heilaslag. Meðferðin felur í sér að blóðseginn er leystur upp eða fjarlægður til að koma aftur á eðlilegu blóðflæði. Slík meðferð minnkar varanlegan skaða og fótlu sjúklinga.

Pappírslaut



Lyfjaskömmtnun á Landspítala varð pappírslaut eftir að sjúkráhusapótekið tók í notkun rafrænan skömmtnunar- hluta í lyfjaafgreiðslukerfinu Therapy. Með nýju verklagi eru ferlar í apótekinu einfaldari og rekjanleiki við lyfjaskömmtnun trygður. Öryggi sjúklinga eykst því lyf flytjast með sjúklingnum ef hann flyst á milli deilda.

Rannsóknardeildasameining



Sýkla- og veirufæðideildir voru sameinaðar. Starfsemin er við Ármúla og Barónsstíg en henni er ætlað framtíðarhúsnæði í rannsóknarhúsi við Hringbraut. Árið 2017 voru þar gerðar 254 þúsund rannsóknir, þar af 75 þúsund bakteríuræktanir og 42 þúsund áhættu- rannsóknir.

Workplace



Landspítali tók í notkun samskiptamiðilinn Workplace by Facebook. Markmiðið með innleiðingu Workplace er að auka flæði upplýsinga og þekkingar innan Landspítala, styrkja samvinnu og skilvirkni og efla starfsandann á vinnustaðnum.

Íslenskukennsla



Íslenskukennsla hófst aftur eftir nokkur hlé í samstarfi við Mimi símenntun. Fjögur námskeið voru í boði á haustmisseri 2017 fyrir erlenda starfsmenn spítalans. Hvert þeirra var 60 tímar og kennt tvisvar í viku í 10 vikur. Tilgangurinn var að stuðla að aðlögun fólks bæði í samfélaginu og á vinnustað.

Umhverfismál



Landspítali var tilnefndur til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs sem í fölst mikil viðurkenning þótt spítalinn hreppi ekki verðlaunin. Lítið var til verkefna sem stuðla að úrgangslausu samfélagi. Á Landspítala er markvisst dregið úr soun, til dæmis með því að minnka notkun einnota hluta og ráðast gegn matarsoun. Stefnt er að því að draga verulega úr kolefnisspori spítalans.

Vinnuverndardagur



Dagur vinnuverndar á Landspítala var haldinn í fyrsta skipti. Markmiðið er að vekja athygli á vinnuvernd og hvetja starfsmenn og stjórnendur til að huga að öryggi og líðan í vinnunni. Tvennar viðurkenningar voru veittar fyrir framúrskarandi vinnuverndarstarf; rannsóknar- svið fyrir öflugt öryggisteymi undir stjórn Kristínar Jónsdóttur og Ragna Björg Ársælsdóttir öryggis- trúnaðarmaður á bráðadeild G2 fyrir forvarnarvinnu.



Gjafirnar eru dýrmætar

Starfsemi á Landspítala nýtur þess að á hverju ári koma einstaklingar eða fulltrúar fyrirtækja og stofnana færandi hendi. Gjafir, smáar sem stórar, vitna um góðan hug til Landspítala og þær koma sér alltaf vel. Verðmæti gjafa nemur hundruðum milljóna króna á hverju ári. Frásagnir um þessar gjafir rata oft inn á miðla Landspítala og nokkrar fyrirsagnir af vef hans á árinu 2017 segja margt.

- Innkirtladeild fékk augnbotnamyndavél frá Oddfellowstúkunnni Elísabetu
- Styrkur Kiwanis til BUGL meðal annars í eflda þjónustu í nærumhverfi
- Lionsklúbburinn Freyr gaf áhöld til þvágæfarannsóknar
- Liverpoolklúbburinn gaf BUGL eina milljón króna
- Fjörgyn, N1 og Sjóvá styðja BUGL áfram með bílarekstri
- Hægingahjólástóll sem þakklætisvottur til krabbameinslækningadeildar 11E
- Kvinnadeild Rauða krossins í Reykjavík með fjölda gjafa til öldrunar-lækningadeilda
- Thorvaldsensfélagið gaf röntgendeildinni tvo lyftara
- Sjö sjónvörp á bráðadeild G2 fyrir ágóða af jólatónleikum í Frikirkjunni 2016
- Gleyrn mér ei styrktarfélag færði meðgöngu- og sængurlegudeild 22A gjafir

- Stórgjöf til þvágæfaskurðeildar sem notuð verður til gæðaskráningar og rannsóknarvinnu
- Bandalag kvenna í Reykjavík gaf göngudeild mæðraverndar og fósturgrein-ingu meðferðarstóla
- Innkirtladeild fékk augnbotnamyndavél frá Oddfellowstúkunnni Elísabetu
- Oddfellow gefur BUGL leirbrennsluofn
- Líf færði kvinnadeild sjúkrarúm, nýburavogir og sjónvörp
- Hringurinn gaf bráðamóttöku í Fossvogi ómtæki fyrir börn
- Ágóði Globeathon hlaupsins 2016 færður dag- og göngudeild krabba-meinslækninga
- Klifur K2 fyrir kvinnadeild
- Barnaspítalinn fékk 4 milljónir frá Ólafíu Þórunni atvinnukylfingi og KPMG
- Hringurinn gaf fósturgreinigeild tvö ómtæki að andvirði um 21 milljónar króna
- Mjólkursamsalan safnar fyrir Kusu á Landspítala
- Hringkonur styrktu vöknun í Fossvogi
- Milljón til BUGL frá þremur fyrirtækjum

LYKILTÖLUR 2017

KLÍNÍSK ÞJÓNUSTA	2017	2016	Hlutfallsleg breyting
Fjöldi einstaklinga sem leituðu til LSH ¹⁾	109.905	110.246	-0,3%
Fjöldi koma á allar bráðamóttökur	106.425	104.175	2,2%
Komur á göngudeildir	244.222	241.283	1,2%
Komur á dagdeildir	88.586	84.072	5,4%
Meðalfjöldi innliggjandi sjúklinga	616	627	-1,8%
Fjöldi lega, sérgreinar	26.792	26.252	2,1%
Fjöldi legudaga, sérgreinar	224.687	228.739	-1,8%
Meðallengd sjúkrahúslegu, legur styttri en 6 mánuðir ²⁾	7,6	7,8	-2,1%
Skurðaðgerðir (án inndælinga lyfs í auga)	16.447	15.695	4,8%
Fæðingar	2.986	2.940	1,6%
Rannsóknir á rannsóknarsviði	2.433.997	2.266.755	7,4%
ÖRUGGUR SPÍTALI			
Skráð atvik sjúklinga ³⁾	4.052	3.485	16,3%
Skráð atvik starfsmanna	1.037	854	21,4%
STARFSMENN			
Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda starfsmanna ⁴⁾	4.073	3.962	2,8%
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	5.494	5.131	7,1%
Starfsmannavelta	15%	12%	25%
Veikindahlutfall ⁵⁾	7,1%	7,0%	1,4%
Starfsánægja	4,1	4,0	2,5%
FJÁRHAGUR á verðlagi ársins 2017 ⁶⁾			
Rekstrargjöld	64.582	61.218	5,5%
Launagjöld	48.415	46.552	4,0%

1) Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni. 2) Hér er fyrir bæði árin birtur raunmeðallegutími þeirra sjúklinga sem hafa útskrifast frá áramótum, talið frá innskriftardegi til útskriftardags, án útlaga (m.v. legulengdina 6 mán). Langlegusjúklingar hafa í gegnum tíðina haft nokkur áhrif til hækkunar á meðallegutíma á spítalanum. Þar sem meginþorri lega er styttri en 6 mánuðir er meðallegutími þess hóps birtur hér. 3) Árið 2016 var ákveðið að skrá flæðishindr- anir sem atvik og var það gert tímabundið. Þau atvik eru hér undanskilin til þess að tölur séu sambærilegar milli ára. 4) Greidd stöðugildi starfsmanna LSH, án barnburðarleifja, foreldraorlofs og launalausra leyfa. 5) Öll veikindi starfsmanna, með eða án launa. 6) Í milljónum króna án afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna og án fjármagnsliða.

